



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 24/2010

Afskráning lénsins himnesk.is

I.

Málsmeðferð

1.

Hinn 25. september 2009 tók Neytendastofa ákvörðun nr. 27/2009 í málinu „*Kvörtun Bio Vara ehf. yfir notkun og skráningu Himnesks ehf. á firmanafni, vörumerkjum og léni.*“ Í ákvörðuninni kemur fram að Neytendastofa telji að Himneskt hafi með notkun firmaheitisins Himneskt, vörumerkjanna HIMNESK og HIMNESKT og léninu himnesk.is brotið gegn ákvæðum 5. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Himnesku var með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. sömu laga bönnuð öll notkun firmaheitisins Himneskt, vörumerkjanna HIMNESK og HIMNESKT og lénsins himnesk.is og tók bannið gildi fjórum vikum frá dagsetningu ákvörðunarinnar.

Himneskt áfrýjaði ákvörðuninni til áfrýjunarnefndar neytendamála með bréfi, dags. 20. október 2009.

2.

Með úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála hinn 26. mars 2010 var staðfestur sá þáttur ákvörðunarinnar að kærandi hafi brotið gegn 5. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu með skráningu og notkun lénsins himnesk.is og honum bönnuð öll notkun lénsins. Að öðru leyti var hin kærða ákvörðun felld úr gildi.

Þann 14. apríl 2010 var lénið himnesk.is enn í notkun og Himneskt skráður réttihafi lénsins. Þann sama dag sendi Neytendastofa Himnesku bréf þar sem fyrirtækinu var gefinn lokafrestur til 21. apríl 2010 til að fara að banninu og koma að skýringum eða athugasemdum. Að þeim tíma liðnum mætti búast við að viðurlögum skv. 23. gr. laga nr. 57/2005 yrði beitt.

Ekkert svar hefur borist stofnuninni.



II. Niðurstaða

Sem að framan greinir staðfesti áfrýjunarnefnd neytendamála 26. mars 2010 þá ákvörðun Neytendastofu að banna Himnesku ehf. að nota lénið himnesk.is. Tók bannið gildi fjórum vikum frá dagsetningu ákvörðunar Neytendastofu. Himneskt hefur hvorki hætt notkun lénsins né afskráð það.

Ákvörðunarorð fyrmefndrar ákvörðunar Neytendastofu hljóðar svo:

„Himneskt ehf., Gvendargeisla 98, Reykjavík, hefur með notkun[...] [á] léninu himnesk.is brotið gegn ákvæðum 5. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. sömu laga bannar Neytendastofa Himnesku ehf. alla notkun firmaheitisins Himneskt, vörumerkjanna HIMNESK og HIMNESKT og lénsins himnesk.is.

Bannið tekur gildi fjórum vikum frá birtingu ákvörðunarinnar. Verði ekki farið að banninu mun viðurlögum laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu verða beitt.“

Samkvæmt athugun Neytendastofu þann 7. maí 2010 er lénið himnesk.is enn í notkun og Himneskt skráður réttihafi þess.

Í 23. laga nr. 57/2005 segir:

„Ef ekki er farið að ákvörðun sem tekin hefur verið samkvæmt þessum lögum getur Neytendastofa ákveðið að sá eða þeir sem ákvörðunin beinist gegn greiði dagsektir þar til farið verður að henni. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflaga á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að.“

Í máli þessu liggur fyrir að Himneskt hefur ekki farið að ákvörðun Neytendastofu nr. 27/2009, dags. 25. september 2009. Að mati Neytendastofu er mikilvægt að beita þeim úrræðum sem lög nr. 57/2005 heimila til að tryggja eðlilega viðskiptahætti en Neytendastofu þykir sýnt að með athafnaleyfi sínu muni Himneskt ekki fara að ákvörðuninni. Með vísan til þessa telur Neytendastofa nauðsynlegt að beita viðurlögum samkvæmt 23. gr. laga nr. 57/2005 og þykir Neytendastofu hæfilegt að leggja á Himneskt dagsektir að fjárhæð 50.000 kr. (fimmtíuþúsundkrónur) á dag þar til farið hefur verið að ákvörðun Neytendastofu og lénið himnesk.is afskráð.



III. Ákvörðunarorð:

„Himneskt ehf., Gvendargeisla 98, Reykjavík, hefur með notkun lénsins himnesk.is brotið gegn ákvörðun Neytendastofu nr. 27/2009, dags. 25. september 2009.

Himneskt skal innan sjö daga frá dagsetningu ákvörðunar þessarar hætta notkun lénsins himnesk.is og afskrá það, sbr. ákvörðun Neytendastofu nr. 27/2009. Verði það ekki gert innan tilskilins frests mun Neytendastofa leggja dagsektir á Himneskt, með heimild í 23. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Skal Himneskt frá þeim tíma greiða í ríkissjóð 50.000 kr. (fimmtíuþúsundkrónur) á dag þar til farið hefur verið að ákvörðuninni.“

Neytendastofa, 7. maí 2010